



**Stjórnarfundur
Landssambandsstjórnar Delta Kappa Gamma á Íslandi**

**Haldinn að Stapaseli 12, Reykjavík
8. október 2009, kl. 16:30-18:30**

Mættar: Ingibjörg Jónasdóttir, Sóley Þórhallsdóttir, Steinunn Ármannsdóttir, Ingibjörg Auðunsdóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir

Dagskrá, efni sem Ingibjörg Jónasdóttir lagði til að tekið yrði til umræðu á fundinum:

- Efni frá alþjóðaskrifstofu,
- nefndir landssambandsins,
- útgáfumál,
- leiðtoganámskeiðið,
- fjármál,
- vinnustofur um ýmis málefni,
- tímasetningar framkvæmdaáætlunar,
- önnur mál.

Efni sem borist hefur frá Alþjóðaskrifstofu:

- Beðið hefur verið um tilnefningar til embætta og kosningu um ýmis málefni. Eitt nafn hefur komið fram í uppstillinganefnd, nafn Herthu W. Jónsdóttur í Gammadeild.
- Tilnefningar í alþjóðanefndir: í sumar er kosið og í aðrar valið af næsta alþjóðaforseta.
- Golden gift umsóknir: 1. des. þarf að vera búíð að sækja um styrk fyrir leiðtoganámskeiðið. Þrjár til fjórar konur hafa farið á leiðtoganámskeiðið frá Íslandi.
- Umsókn um styrk til námskeiðahalds: Sigrún Klara benti Ingibjörgu J. á að sækja um styrk til að fá fulltrúa frá alþjóðasamtökunum á vorþingið. Hún benti Ingibjörgu J. á að óska eftir Lindu Eller á vorþingið en Linda starfar á skrifstofu samtakanna í Texas. Hún gæti verið með námskeið um vefmál.

Nefndir:

- Búið er að fá konur í allar nefndir landssamtakanna og setja nefndir og nöfn þeirra sem starfa í nefndum á vefinn.
- Umræður urðu um hvort búa ætti til vefnefnd samtakanna. Nöfn sem nefnd voru til setu í vefnefnd voru: Kristín Ingólfssdóttir í Alfadeild, Halldóra Jónsdóttir í Deltadeild, Hulda Björk Þorkelsdóttir í Þetadeild og Eygló Björnsdóttir vefstjóri. Lagt er til að vefnefndin starfi í tvö ár.

Útgáfumál:

- Ingibjörg J. fór yfir fundargerð frá fyrsta fundi útgáfunefndar og hugarflugsfundi um upplýsingamál.

Leiðtoganámskeið 2010:

- Ingibjörg J. og Sigrún Klara hafa verið að huga að undirbúningi leiðtoganámskeiðsins. Í áætlun er að sækja um styrk til alþjóðasamtakanna um að halda fimm leiðtoganámskeið; á Austurlandi, Ísafirði, Akureyri og tvö í Reykjavík. Þetta yrðu opin námskeið en ókeypis fyrir DKG konur. Ingibjörg J. hefur verið að leita eftir upplýsingum vegna þessa. Ná þarf um 25 konum á hvert námskeiðið. Umræða varð um tímasetningu námskeiðanna og besti tíminn talinn vera eftir 20. sept. 2010. Einnig var rætt um lengd námskeiðsins og talið hæpið að vera með námskeið lengur en í tvo daga. Mikilvægt að hafa góðan fyrirvara svo konur geti tekið frá tíma til að sitja námskeiðið og stefnt er á að auglýsa námskeiðin strax í janúar 2010.

Fjármál:

- Fram kom að deildir verða að hækka félagsgjöld þó ekki liggi fyrir samþykki aðalfundar fyrir hækkun þeirra. Vegna ástandsins í þjóðfélaginu eiga samtökin lítið til af peningum. Guðbjörg ætlar að sækja um styrk til alþjóðasamtakanna vegna óhagstæðs gengis íslensku krónunnar. Í fyrra borguðum við 5 þúsund kr. út af félagsgjaldi hverrar konu. Umræða varð um hvort gefa ætti fréttabréf samtakanna út á vefnum. Stjórnin kemur með þá beiðni til ritnefndar að kanna hjá deildum hve mörg prentuð fréttabréf hver deild vill fá. Næsta fréttabréf kemur út í nóvember.
- Félagatal – biðja þarf deildir um að yfirfara félagatalið. Á árinu 2010 þarf að gefa út nýtt félagatal.
- Endurútgáfa bókarinnar *Þekking - þjálfun - þroski 30 ára afmælisrit DKG*. Kanna þarf hvað margar bækur eru ennþá til í deildum. Stjórnin sammála um að ekki eigi að endurútgefa bókina.

Vinnustofur:

- Þverfaglegir fundir - Ingibjörg J. lagði fram þá hugmynd að samtökin stæðu fyrir málefnafundum um e-h efni sem yrðu opnir fyrir öllum DKG sem hefðu áhuga. Hún nefndi fundi t.d. um; vefmál, notkun Wiggio (fyrir DKG landssambandsstjórn), lestrarkennslu, kennsluaðferðir o.s.frv. Nokkur umræða varð um það hver ætti að sjá um málefnafundina – menntanefnd eða aðilar út frá menntanefnd? Stjórnarkonur sammála að allar konur innan samtakanna sem áhuga hefðu og vilja til framkvæmda gætu unnið að slíkum vinnustofum.

Tímasetning framkvæmdaáætlunar:

- Ákveðið að Ingibjörg J. og Ingibjörg A. setji framkvæmdaáætlunina upp í töflu og sendi á stjórnarkonur.

Önnur mál

Ingibjörg J. gengur frá bréfi til þeirra sem fóru á þingið í Osló vegna ferðastyrks. Konur sem sækja um fá 30 þúsund kr. styrk, sem Guðbjörg afgreiðir. Ingibjörg J. sýndu uppkast að bréfi til formanna deilda. Bréfið er nýstárlegt og fékk Ingibjörg J. hugmyndir úr möppu alþjóðasamtakanna. Í bréfinu eru nýtsamar upplýsingar, dagsetningar sem settar eru á mánaðardagatal o.s.frv. Hún áætlar að senda svipað upplýsingabréf einu sinni mánuði. Stjórnarkonur voru mjög ánægðar með formið á bréfinu. Ingibjörg J. hvatti stjórnarkonur til að koma með efni sem hún gæti sett í bréfið.

Næsti fundur ákveðinn 10. des. kl. 16:30 – Stapaseli 12 hjá Ingibjörgu J. Gert er ráð fyrir að stjórnin hittist í febr. og aftur í apríl og þá í tengslum við vorþingið. Sumarfundur í áætlun á Akureyri.

Heimaverkefni stjórnarkvenna:

Stjórnarkonur skoða framkvæmdaáætlunina og hvaða þætti hver og ein vill fókstra.

Ingibjörg Auðunsdóttir, ritari